

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 214 20. júní 1973 um innheimtu og skil á meðlögum o.fl. á vegum Innheimtustofnunar sveitarfélaga, sbr. breyting á þeirri reglugerð nr. 549 14. október 1980.

### 1. gr.

Á eftir 8. gr. reglugerðarinnar komi 3 nýjar greinar sem verða 9., 10. og 11. gr. og breytist töluröð síðari greina reglugerðarinnar í samræmi við það.

### 2. gr.

Ný 9. gr. hljóðar svo:

Nú greiðir meðlagsskyldur barnsaðir ekki meðlag innan eins mánaðar frá því meðlagskrafa féll í gjalddaga samkvæmt ákvæðum yfirvaldsúrskurðar eða skilnaðarbréfs og skal hann þá greiða dráttarvexti af því sem gjaldfallið er og skulu þeir vera hinir sömu og hjá innlánsstofnunum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961.

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga er heimilt að víkja frá þessari dráttarvaxtatöku ef um sérstaka félagslega erfiðleika er að ræða hjá skuldara.

### 3. gr.

Ný 10. gr. hljóðar svo:

Heimilt er stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga að víkja frá dráttarvaxtatöku eða fella niður dráttarvexti af meðlagsskuldum við eftirfarandi aðstæður:

- a) Að skuldari hafi leitað skriflega eftir samkomulagi við stjórn stofnunarinnar um greiðslu skuldarinnar og niðurfellingu dráttarvaxta.
- b) Að skuldari hafi sýnt fram á, að hann hafi möguleika á, að standa við greiðslutilboð sitt, væru dráttarvextir felldir niður.
- c) Að til skuldarinnar hafi verið stofnað vegna félagslegra erfiðleika skuldara, svo sem af heilsufarsástæðum, ónógum tekjum, skertri starfsorku, mikilli greiðslubyrði, barnamergð eða af öðrum sambærilegum ástæðum.

### 4. gr.

Ný 11. gr. hljóðar svo:

Að jafnaði skal aðeins fella niður dráttarvexti af meðlagsskuldum einu sinni hjá hverjum skuldara.

Verði samkomulag um greiðslu meðlagsskuldar vanefnt verulega eftir að dráttarvextir hafa verið felldir niður, getur stjórn stofnunarinnar lagt svo fyrir, að skuldin verði tekin til dráttarvaxtareiknings að nýju.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 54 6. apríl 1971 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. maí 1987.*

**Alexander Stefánsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*